

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Árshlutareikningur samstæðu 1. mars - 30. nóvember 2023

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og forstjóra	3
Samandreginn rekstrarreikningur samstæðu	5
Samandregið yfirlit um heildarafkomu samstæðu	5
Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu	6
Samandregið eiginfjárfirlit samstæðu	8
Samandregið sjóðstreymi samstæðu	9
Skýringar	10

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Kennitala 420369-7789

Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (Ölgerðin) er íslenskt hlutfélag og starfar í samræmi við lög um hlutfélög nr. 2/1995. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjavörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur félagsins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning Ölgerðarinnar Egill Skallagrímssonar hf. og dótturfélaganna Danól ehf., G7-11 fasteignafélags ehf. og Iceland Spring ehf. Samstæðan skiptist í fjóra starfsþætti; Egils óáfengt, Egils áfengt, Danól og Útflutning. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum samstæðunnar.

Fréttir úr starfseminni

Rekstur Ölgerðarinnar gekk vel á tímabilinu og var vörusala samstæðunnar 18,7% hærrí en á sama tímabili í fyrra.

Aukning í sölu á bjór og kolsýrðum drykkjum skýrir stærsta hluta aukningarinnar en um 30% af aukningunni er vegna þess að Iceland Spring er nú hluti af samstæðu Ölgerðarinnar.

Í apríl var gengið frá kaupum á meirihluta í vatnsútflutningsfyrirtækinu Iceland Spring ehf. Ölgerðin átti fyrir 40% hlut í Iceland Spring en á grundvelli samninga við aðra hluthafa og Iceland Spring bætti Ölgerðin við sig 3% hlut með kaupum á hlutfé af öðrum hluthöfum og 8% með áskrift að nýju hlutfé sem félagið gaf út í tengslum við viðskiptin. Greiðsla Ölgerðarinnar vegna viðskiptanna nam samtals 512 milljónum króna, eða sem nemur um 3,7 milljónum USD. Iceland Spring varð með viðskiptunum hluti af samstæðu Ölgerðarinnar, en félagið hefur fram til þessa verið hlutdeildarfélag. Nánar er gerð grein fyrir áhrifum Iceland Spring á árshlutareikning Ölgerðarinnar í skýringu 3.

Í nóvember gaf Ölgerðin út 1 ma af skráðum víxlum til 6 mánaða á flötum 10,3% vöxtum. Útgáfan var liður í að bæta lánskjör samstæðunnar og voru viðtökur markaðarins góðar.

Ölgerðin leggur áfram mikla áherslu á öfluga vöruþróun og nýju vörumerki Ölgerðarinnar, Mist, var hleypt af stokkunum í maí. Viðtökurnar lofa góðu þótt enn sé skammt liðið síðan vörur undir þessu nýja vörumerki fóru í sölu.

Á tímabilinu undirritaði forstjóri Ölgerðarinnar og fulltrúi Samtakanna 78 viljayfirlýsingu um að Ölgerðin fái hinsegin vottun sem hinseginvænn vinnustaður, fyrst fyrirtækja á Íslandi. Í vottun um hinseginvænan vinnustað felst að starfsfólk fái hinsegin fræðslu, að kannanir í tengslum við hinseginleika verði framkvæmdar og að Samtökin geri úttekt á fyrirtækinu með hinseginleika í huga.

Í lok apríl fékk Ölgerðin afhenta tvo nýja rafmagnsvörubíla til notkunar við dreifingu á vörum Ölgerðarinnar. Í september var settur upp nýr rafmagnsgufuketill í stað olíuketils til notkunar við framleiðsluna. Þetta voru stór skref í sjálfbærnivegferð Ölgerðarinnar.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Vörusala samstæðunnar námu 35,1 ma. kr. og hækkuðu um 19% frá fyrra ári og var góður vöxtur á öllum starfsþáttum. Áhrif af kaupum á meirihluta í Iceland Spring skýra hluta af vexti milli ára en án þeirra áhrifa er tekjuvöxtur 13% milli ára. Vöxturinn er drifinn áfram af vörunýjungum og aukinni hlutdeild á drykkjarvörumörkuðum.

Hagnaður tímabilsins eftir skatta nam 2.881 mkr. og hækkaði um 899 mkr. frá fyrra ári. Mest munar um hækkan hlutdeildatekna um 386 mkr. sem kemur til vegna hækkunar á eldri hlut Ölgerðarinnar í Iceland Spring ehf til gangvirðis. Rekstrarhagnaður (EBITDA) hækkaði um 805 mkr. milli ára sem má rekja til aukinna umsvifa ásamt því að rekstur Iceland Spring er í fyrsta sinn hluti af samstæðu Ölgerðarinnar.

Fjármagnsgjöld hækkuðu nokkuð milli ára vegna hækkunar stýrivaxta Seðlabanka Íslands. Meðalvaxtakjör Ölgerðarinnar án Iceland Spring voru 11,1% þann 30. nóvember.

Eigið fé Ölgerðarinnar var 14,6 ma. kr. í lok tímabilsins og eiginfjárlutfallið 47,2%. Vaxtaberandi skuldir voru 7,3 ma. kr. og lækkuðu um 740 mkr. á tímabilinu. Handbært fé stóð í stað. Efnahagsstöður Iceland Spring komu inn í árshlutareikning samstæðu Ölgerðarinnar eins og þær voru þann 30.9.2023 eða í lok þriðja ársfjórðungs Iceland Spring. Í apríl voru um 320 mkr af andvirði hlutfjárukningarinnar í Iceland Spring nýtt til lækkunar á óhagstæðum lánum hjá félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Ölgerðarinnar gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars 2023 – 30. nóvember 2023 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. nóvember 2023. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 11. janúar 2024.

Stjórn:

Októ Einarsson, stjórnarformaður

Hermann Már Þórisson

Rannveig Eir Einarsdóttir

Gerður Huld Arinbjarnardóttir

Magnús Árnason

Forstjóri:

Andri Þór Guðmundsson

Samandreginn rekstrarreikningur tímabilsins 1. mars - 30. nóvember 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýring	1. september - 30. nóvember		1. mars - 30. nóvember	
	2023	2022	2023	2022
Rekstrartekjur				
Vörusala	11.216.709	9.859.140	35.052.325	29.531.446
Áfengis- og skilagjald	(2.790.456)	(2.621.776)	(9.012.949)	(7.973.537)
Vörusala nettó	4 8.426.254	7.237.364	26.039.376	21.557.909
Aðrar rekstrartekjur	16.639	9.480	40.037	25.700
Rekstrartekjur samtals	8.442.893	7.246.845	26.079.414	21.583.609
Rekstrargjöld				
Framleiðslukostnaður	5.030.406	4.077.612	15.379.480	12.606.308
Annar rekstrarkostnaður	2.022.963	2.001.596	6.220.509	5.302.926
	6 7.053.369	6.079.208	21.599.989	17.909.235
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	1.389.524	1.167.637	4.479.425	3.674.376
Afskriftir	7 (261.434)	(219.049)	(762.739)	(644.623)
Rekstrarhagnaður	1.128.090	948.588	3.716.686	3.029.753
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur	19.966	10.604	41.993	36.287
Fjármagnsgjöld	(197.635)	(243.581)	(697.322)	(571.231)
Gengismunur	(86.329)	(50.932)	5.145	(73.055)
	(263.998)	(283.909)	(650.184)	(607.998)
Áhrif hlutdeildarféлага	3 11.877	35.513	403.170	38.034
Hagnaður fyrir skatta	875.969	700.193	3.469.672	2.459.788
Tekjuskattur	(147.818)	(126.140)	(588.300)	(477.560)
Hagnaður tímabilsins	728.151	574.052	2.881.372	1.982.229
Skipting hagnaðar:				
Eigendur móðurfélagsins	703.404	574.052	2.820.228	1.982.229
Hlutdeild minnihluta	24.746	0	61.144	0
	728.151	574.052	2.881.372	1.982.229
Hagnaður á hlut				
Hagnaður á útistandandi hlut	0,25	0,20	1,00	0,71
Þynntur hagnaður á útistandandi hlut	0,24	0,20	0,96	0,68

Yfirlit um heildarafkomu tímabilsins 1. mars - 30. nóvember 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	1. september - 30. nóvember		1. mars - 30. nóvember	
	2023	2022	2023	2022
Hagnaður tímabilsins	728.151	574.051	2.881.372	1.982.229
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga	21.222	(286)	(9.419)	0
Heildarafkoma tímabilsins	749.371	573.764	2.871.952	1.982.229

Samandreginn efnahagsreikningur 30. nóvember 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignir	Skýringar	30. nóvember 2023	28. febrúar 2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	14.066.568	10.004.905
Óefnislegar eignir	8	7.358.548	7.358.548
Húsaleiguréttindi		136.010	150.813
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi		430.434	1.122.942
Kröfur á hlutdeildarfélag		0	45.757
Skuldabréfaeign		385.992	345.692
		<u>22.377.553</u>	<u>19.028.657</u>
Veltufjármunir			
Birgðir		3.896.571	2.717.645
Viðskiptakröfur		3.567.426	2.742.932
Aðrar skammtímakröfur		7.068	15.298
Handbært fé		1.147.652	1.171.857
		<u>8.618.717</u>	<u>6.647.730</u>
Eignir samtals		<u>30.996.270</u>	<u>25.676.387</u>

Samandreginn efnahagsreikningur 30. nóvember 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir	Skýringar	30. nóvember 2023	28. febrúar 2023
Eigið fé			
Hlutfé		2.806.647	2.806.647
Yfirverðsreikningur hlutfjár		1.102.553	1.102.553
Sérstakt endurmat		0	688.464
Annað bundið eigið fé		2.125.659	2.168.543
Óráðstafað eigið fé		6.986.279	3.315.180
Eigið fé sem tilheyrir eigendum móðurfélags		13.021.138	10.081.387
Hlutdeild minnihlutaeigenda í eigin fé dótturfélaga		1.600.803	0
Eigið fé samtals		14.621.941	10.081.387
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir	9	5.509.086	7.917.593
Húsaleiguskuldbinding		123.407	138.670
Tekjuskattsskuldbinding		2.581.266	2.068.392
		8.213.758	10.124.655
Skammtímaskuldir:			
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	9	1.198.239	0
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum og húsaleiguskuldb.	9	619.563	439.331
Reiknaðir skattar tímabilsins		455.410	432.160
Viðskiptaskuldir		3.246.475	2.492.111
Aðrar skammtímaskuldir		2.640.884	2.106.742
		8.160.571	5.470.345
Skuldir samtals		16.374.329	15.595.000
Eigið fé og skuldir samtals		30.996.270	25.676.387

Samandregið eiginfjárfirlit 1. mars - 30. nóvember 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Hreyfingar 1. mars - 30. nóvember 2023:								
Staða 1.3.2023	2.806.647	1.102.553	688.464	2.168.543	3.315.180	10.081.387	0	10.081.387
Leiðrétting (sjá skýringu 10)					81.787	81.825	0	81.825
Hagnaður tímabilsins	0	0	0	0	2.820.228	2.820.228	61.144	2.881.372
Þýðingarmunur	0	0	0	(4.074)	0	(4.074)	(5.345)	(9.419)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	(4.074)	2.820.228	2.816.153	55.800	2.871.952
Endurmat endurflokkað	0	0	(688.464)	688.464	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta við kaup á df. ...	0	0	0	0	0	0	1.545.004	1.545.004
Áhrif kaupréttarsamninga	0	0	0	41.772	0	41.772	0	41.772
Hlutdeildartekjur	0	0	0	779.548	(779.548)	0	0	0
Staða 30.11.2023	2.806.647	1.102.553	0	3.674.253	5.437.647	13.021.138	1.600.803	14.621.941

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakt endurmat	Annað bundið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Hreyfingar 1. mars - 30. nóvember 2022:								
Staða 1.3.2022	2.806.965	1.105.058	321.888	1.389.818	1.794.867	7.418.596	0	7.418.596
Hagnaður tímabilsins	0	0	0	0	1.982.229	1.982.229	0	1.982.229
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	0	1.982.229	1.982.229	0	1.982.229
Keypt eigin bréf	(317)	(2.505)	0	0	0	(2.822)	0	(2.822)
Áhrif kaupréttarsamninga	0	0	0	11.225	0	11.225	0	11.225
Hlutdeildartekjur	0	0	0	429.446	(429.446)	0	0	0
Staða 30.11.2022	2.806.647	1.102.553	321.888	1.830.489	3.347.651	9.409.227	0	9.409.229

Annað bundið eigið fé

Undir öðru bundnu eigin fé óinnleystar hlutdeildartekjur dóttur- og hlutdeildarféлага, áfallinn kostnaður vegna kaupréttá og þýðingarmunur.

Samandregið sjóðstreymi fyrir tímabilið 1. mars - 30. nóvember 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		2023	2022
	Skýringa	1.3.-30.11	1.3.-30.11
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri			
Hagnaður tímabilsins		2.881.372	1.982.229
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Kaupréttarsamningar		41.722	11.225
Áhrif hlutdeildarféлага		(403.170)	(38.034)
Hagnaður af sölu á varanl. rekstrarfjármunum		(21.129)	(6.592)
Afskriftir		762.740	644.623
Breyting tekjuskattsskuldbindingar		131.667	162.378
Hreint veltufé frá rekstri		3.393.202	2.755.829
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(625.766)	(818.404)
Birgðir		(712.018)	(741.507)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		931.258	841.013
		(406.526)	(718.898)
Handbært fé frá rekstri		2.986.677	2.036.931
Fjárfestingahreyfingar			
Varanlegir rekstrarfjármunir, breyting	7	(961.987)	(904.603)
Keyptar óefnislegar eignir	8	0	(250.000)
Skuldabréf, breyting		(40.300)	77.975
Tengd félög, breyting		45.757	(8.453)
Hreint sjóðstreymi við kaup á dótturfélagi	3	(72.210)	0
		(1.028.740)	(1.085.081)
Fjármögnunarahreyfingar			
Skammtímalán, breyting	9	951.887	(207.523)
Ný langtímalán	9	155.107	30.969
Afborganir langtímalána	9	(3.153.491)	(230.823)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(17.432)	(17.320)
Viðskipti með eigin bréf		0	(2.822)
		(2.063.929)	(427.519)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(105.992)	524.332
Handbært fé í byrjun tímabilsins		1.171.857	658.974
Innborgun frá tollstjóra færð á eigið fé (sjá skýringu 10)		81.787	
Handbært fé í lok tímabilsins		1.147.651	1.183.307

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. (hér eftir Ölgerðin eða félagið) er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Samstæðuárshlutareikningurinn fyrir tímabilið 1. mars - 30. nóvember 2023 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“.

Ölgerðin er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík, Ísland.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar fyrir tímabilið 1. mars - 30. nóvember 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði 28. febrúar 2023. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning samstæðunnar sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.olgerdin.is/fjarfestar.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum (ISK) og þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Skýringar (framhald)

3. Kaup á meirhluta í Iceland Spring

Þann 11. apríl 2023 jók Ölgerðin við hlut sinn í Iceland Spring ehf. (Iceland Spring) úr 40% í 51%. Aukningin var bæði gerð með beinum kaupum á hlutafé og kaupum á nýttgefnu hlutafé í félaginu, samtals fyrir 3,7 milljónir USD eða 512 m.kr. Kaupverðið hefur verið greitt að fullu með handbæru fé. Eftir viðskiptin fer Ölgerðin með meirhluta atkvæðaréttar og þar með yfirráð yfir Iceland Spring.

Samkvæmt leiðbeiningum *IFRS 3 Sameining félaga* er kaupaðferð beitt við sameininguna og munu stjórnendur Ölgerðarinnar bera kennsl á aðgreinanlegar eignir og skuldir Iceland Spring ásamt hlutdeild minnihluta. Eignir og skuldir eru metnar á gangvirði 1. janúar 2023, en kaupverðsútteilingu var ekki lokið við samþykkt þessa árs hlutareiknings. Ölgerðin nýtir sér ákvæði í IFRS 3 um bráðabirgða kaupverðsútteilingu sem heimilar að útteiling sé aðlöguð allt að 12 mánuðum eftir yfirtökudag, en þó aðeins miðað við upplýsingar um aðstæður sem voru til staðar á yfirtökudegi. Samkvæmt bráðabirgða kaupverðsútteilingu er yfirverði í viðskiptunum alls 1.340 m.kr. úthlutað á vatnslind Iceland Spring. Tekjuskattsáhrif af yfirverðinu að fjárhæð 223 m.kr. eru færð til hækkunar tekjuskattsskuldbindingu.

Hér að neðan kemur fram bókfært verð eigna og skulda Iceland Spring ásamt gangvirði þeirra þann 1. janúar 2023 samkvæmt bráðabirgða kaupverðsútteilingu. Meðtalið í handbæru fé er nýtt hlutafé sem Ölgerðin greiddi inn í félagið þann 11. apríl síðastliðinn að fjárhæð 411 m.kr. (USD 3m).

	Bókfært verð	Gangvirðis- breyting	Gangvirði
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.494.890	1.339.548	3.834.438
Óefnislegar eignir	85.808	(85.808)	0
Tekjuskattsinneign	17.839	0	17.839
Vörubirgðir	466.908	0	466.908
Viðskiptakröfur	149.620	0	149.620
Aðrar skammtímakröfur	41.800	0	41.800
Handbært fé	439.936	0	439.936
Eignir samtals	3.696.801	1.253.739	4.950.541
Vaxtaberandi skuldir	1.016.811	0	1.016.811
Tekjuskattsskuldbinding	175.788	223.258	399.046
Viðskiptaskuldir	338.153	0	338.153
Aðrar skammtímaskuldir	42.667	0	42.667
Skuldir samtals	1.573.419	223.258	1.796.677
Hreinar eignir	2.123.383	1.030.481	3.153.864

Útleiðsla á yfirverði

Kaupverð	512.146
Gangvirði eldri eignarhlutar*	1.096.717
Hlutdeild minnihluta (49%) metin á gangvirði	1.545.000
Samtals	3.153.864
Gangvirði hreinna eigna samkvæmt bráðabirgða kaupverðsútteilingu	3.153.864

*Eldri eignarhlutur Ölgerðarinnar í Iceland Spring (40%) er færður upp í gangvirði á yfirtökudegi sem var metið 1.097 m.kr., og voru 368 m.kr. færðar í rekstrarreikning í línuna *Áhrif hlutdeildarféлага* vegna gangvirðismatsins.

Skýringar (framhald)

Sjóðstreymi við kaupin

Greiðsla í handbæru fé	(512.146)
Handbært fé Iceland Spring við yfirtöku	439.936
Hreint sjóðstreymi	(72.210)

Reikningsskilatímabil Iceland Spring er almanaksárið, og er rekstur félagsins fyrstu níu mánuði almannaksársins meðtekinn í þessum samstæðuárshlutareikningi. Áhrif Iceland Spring á rekstrarreikning samstæðunnar á tímabilinu voru tekjur að fjárhæð 1.646 m.kr. og hagnaður að fjárhæð 124,8 m.kr.

4. Starfsþáttayfirlit

Samstæðunni er skipt í fjóra starfsþætti, Egils áfengt, Egils óáfengt, Danól og Útflutningur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

1. mars - 30. nóvember 2023	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Útflutningur ⁴⁾	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar rekstrartekjur	15.755.014	9.457.146	8.187.113	1.693.090	35.092.362
Rekstrarhagn. fyrir afskriftir (EBITDA)	1.595.789	2.006.569	638.116	238.951	4.479.425
Rekstrarhagnaður	1.210.654	1.702.729	599.443	203.859	3.716.686
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага					(247.014)
Tekjuskattur					(588.300)
Hagnaður tímabilsins					2.881.372

1. mars - 30. nóvember 2022	Egils áfengt ¹⁾	Egils óáfengt ²⁾	Danól ³⁾	Samtals
Rekstrartekjur og aðrar rekstrartekjur	14.156.092	8.182.942	7.218.111	29.557.146
Rekstrarhagn. fyrir afskriftir (EBITDA)	1.427.649	1.794.034	452.692	3.674.376
Rekstrarhagnaður	1.104.612	1.505.378	419.763	3.029.753
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага				(569.964)
Tekjuskattur				(477.560)
Hagnaður tímabilsins				1.982.229

¹⁾ Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

²⁾ Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

³⁾ Tekjur hjá Danól eru fólgnar í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar

⁴⁾ Nýr starfsþáttur, Útflutningur. Tekjur af öllum útflutningi samstæðu Ölgerðarinnar sem er að stærstum hluta Iceland Spring.

5. Seldar vörur

Megin starfsemi samstæðunnar er fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara.

Skýringar (framhald)

6. Rekstrargjöld

	2023	2022*
Rekstrargjöld greinast þannig:	1.3.-30.11	1.3.-30.11
Vörunotkun	13.888.565	11.124.127
Laun og launatengd gjöld og annar framleiðslukostnaður	1.490.915	1.482.181
Framleiðslukostnaður	15.379.480	12.606.308
Laun og launatengd gjöld	2.793.047	2.439.972
Markaðs- og sölukostnaður	1.945.529	1.516.472
Annar kostnaður	1.481.933	1.346.482
Annar rekstrarkostnaður	6.220.509	5.302.926
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	2.882.382	2.575.577
Lífeyrissjóðsgjöld	383.917	347.926
Önnur launatengd gjöld	255.751	236.312
Kostnaður vegna kaupréttasamninga	41.772	11.225
	3.563.822	3.171.040

*Framsetning á samanburðartölum í skýringunni hefur verið uppfærð frá árschlutareikningi fyrir 1. mars - 30. nóvember 2022 til samræmis við ársreikning fyrir fjárhagsárið 2022/23.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir	Vatnslind	Bifreiðar	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð 1. mars 2022	5.614.856	0	339.162	3.569.107	9.523.128
Viðbót tímabilsins	286.826	0	225.994	829.906	1.342.726
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(32.372)	0	(32.372)
Afskriftir	(200.903)	0	(94.222)	(533.453)	(828.578)
Bókfært verð 28. febrúar 2023	5.700.780	0	438.563	3.865.560	10.004.905
Bókfært verð greinist þannig:					
Kostnaðarverð	7.478.168	0	890.140	8.024.170	16.392.478
Uppsafnaðar afskriftir	(1.777.388)	0	(451.577)	(4.158.610)	(6.387.574)
Bókfært verð 28. febrúar 2023	5.700.780	0	438.563	3.865.560	10.004.905
Bókfært verð 1. mars 2023	5.700.780	0	438.563	3.865.560	10.004.904
Kaup á Iceland Spring (skýring 3)	0	3.397.848	0	436.591	3.834.439
Viðbót tímabilsins	56.207	0	245.322	735.554	1.037.083
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(53.968)	0	(53.968)
Afskriftir	(173.548)	0	(95.183)	(475.086)	(743.817)
Þýðingarmunur	0	(10.895)	0	(1.178)	(12.073)
Bókfært verð 30. nóvember 2023	5.583.439	3.386.953	534.733	4.561.441	14.066.568

Skýringar (framhald)

Bókfært verð greinist þannig:

Kostnaðarverð	7.534.375	3.386.953	1.135.462	9.195.137	21.251.927
Uppsafnaðar afskriftir	(1.950.936)	0	(600.728)	(4.633.696)	(7.185.359)
Bókfært verð 30. nóvember 2023	5.583.439	3.386.953	534.733	4.561.441	14.066.568

Áætlaður nýtingartími eigna:

Fasteignir	30 ár
Vatnslind	Ótakmarkaður
Bifreiðar	3-9 ár
Vélar, áhöld og tæki	3-15 ár

Vatnslind í eigu Iceland Spring er ekki afskrifuð þar sem hún er talin hafa ótakmarkaðan líftíma. Virði lindarinnar samanstendur af efnislegri eign, sem er lindin sjálf, og óefnislegri eign sem er rétturinn til að markaðssetja vatnið sem lindarvatn. Ekki er unnt að aðskilja þessa efnislegu og óefnislegu eignir í virði lindarinnar, og er virði hennar í heild sinni því framsett á meðal varanlegra rekstrarfjármuna. Lindin kemur til með að sæta virðisrýmunarprófi a.m.k. árlega.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingatíma einstakra hluta rekstrarfjármuna.

	2023	2022
Afskriftir greinast þannig:	1.3.-30.11	1.3.-30.11
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	743.817	628.482
Afskriftir leiguréttinda	18.923	16.141
	762.740	644.623

8. Óefnislegar eignir

	30.11.2023	28.2.2022
Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig:		
Vörumerki	6.111.542	6.111.542
Viðskiptasambönd	1.247.006	1.247.006
Bókfært verð í lok tímabilsins	7.358.548	7.358.548

Skýringar (framhald)

9. Skuldir

Langtímaskuldir:	30.11.2023	28.2.2023
Langtímaskuldir við lánastofnanir íslenskum krónum (ISK)	5.766.132	8.333.983
Langtímaskuldir í bandaríkjadollar (USD)	337.623	0
Samtals langtímaskuldir	6.103.755	8.333.983
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(594.669)	(416.390)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins	5.509.086	7.917.593
Vaxtaberandi skammtímaskuldir í íslenskum krónum (ISK)	951.887	0
Skammtímaskuldir við lánastofnanir í bandaríkjadollara (USD)	246.352	0
Samtals vaxtaberandi skammtímaskuldir	1.198.239	0

Meðalvextir skulda við lánastofnanir í íslenskum krónum þann 30. nóvember 2023 voru 11,1% (28. febrúar 2023: 8,7%). Á tímabilinu eignaðist Ölgerðin meirihluta í Iceland Spring (sjá skýringu 3). Á meðal skulda Iceland Spring eru lán frá minnihlutaeigendum sem bera fasta USD vexti.

Félagið lauk á tímabilinu sölu á sex mánaða víxli fyrir 1.000 m.kr. að nafnverði á kjörum sem samsvara 10,3% flötum vöxtum, en víxillinn er skráður í kauphöll Nasdaq Iceland. Víxilskuldin er skráð á meðal vaxtaberandi skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Um er að ræða forvaxtafyrirkomulag en víxillinn er á gjalddaga í maí 2024.

	30.11.2022	28.2.2023
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(594.669)	(416.390)
Næsta árs afborgun leiguskuldbindingar	(24.894)	(22.942)
	(619.563)	(439.332)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	30.11.2023	28.2.2023
Afborganir innan 12 mánaða	594.669	416.390
Afborganir eftir 12-24 mánuði	589.296	415.837
Afborganir eftir 24-36 mánuði	420.066	404.096
Afborganir eftir 36-48 mánuði	2.239.486	394.767
Afborganir síðar	2.260.238	6.702.893
	6.103.755	8.333.983

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eigið fé, vaxtaþekju og skuldsetningarhlutfall. Í lok tímabils stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

10. Önnur mál

Yfirkattanefnd úrskurðaði í máli nr. 118/2022 þar sem Danól ehf. kærði úrskurð tollgæslustjóra vegna endurákvörðunar aðflutningsgjalda frá 24. maí 2022. Yfirkattanefnd samþykkti kröfur Danól ehf. að hluta og endurgreiddi þann 29. sept 2023 álag sem beitt var á endurálagninguna að fjárhæð 81 m.kr. sem færð var á eigið fé, auk dráttarvaxta að fjárhæð 8 m.kr. sem færð eru á meðal fjármagnsliða.

Yfirkattanefnd úrskurðaði í máli nr. 30/2023 þann 27. september 2023, þar sem Ölgerðin kærði úrskurð tollgæslustjóra vegna aðflutningsgjalda frá 9. desember 2022. Kröfum Ölgerðarinnar var hafnað, en það hefur engin áhrif á árs hlutareikninginn þar sem búið var að gera ráð fyrir þeirri niðurstöðu í ársreikningi 2022.